



Bæjarstarfsmannafélagið
SAMFLÓT

SAMFLÓTS-fréttir

1. tölublað

Mars 2015

2. árgangur





Ágætu Samflotsfélagar

Þá er liðið fyrsta ár sameiginlegs orlofspakka hjá 4 aðildarfélögum Samflots.

Segja má með sanni að vel hafi tekist til og flestir notendur verið ánægðir, en það er ekki alltaf hægt að gera svo öllum líki, við erum þó að reyna.

Í þessu blaði reynum við að kappkosta að kynna þá fjölbreyttu möguleika sem standa til boða og hvetjum félagsmenn til að notfæra sér.

Við bryddum upp á nýjungum í ár eins og í fyrra, bjóðum upp á orlofshús á Spáni (sem auglýst var og úthlutað í nóvember s.l.), við bjóðum líka upp á orlofshús í Flókalundi í Vatnsfirði á Barðaströnd, en orlofshúsið á Ísafirði dettur út, það var of lítið og hentaði ekki fyrir okkur.

Þetta er fjölbreyttur pakki sem er í boði og vonandi finna allir eitthvað við sitt hæfi. Við bjóðum upp á 8 orlofshús víðsvegar um land, 3 íbúðir í Reykjavík og orlofshús á Spáni. Enn fremur bjóðum við uppá ýmis afsláttarkort sem gilda um allt land.

Þá erum við með afslátt á hótélum sem ætti að nýtast félagsmönnum vel á ferðalögum um landið í frítímum þeirra.

Að sjálfsgöðu eru allar upplýsingar um orlofsmöguleikana á heimasíðum félaganna sem eru;

Starfsmannafélag Dala— og Snæfellsnessýslu [sds.is](#),
Starfsmannafélag Fjallabyggðar [stol.is](#),
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum [fosvest.is](#)
Starfsmannafélag Vestmannaeyja [stavey.is](#)
og á heimasíðu Samflots, [samflot.is](#)

Ög þá er ekkert annað að gera en að fara að fletta blaðinu og skoða framboðið, það kemur á óvart trúi ég.

f.h. orlofsnefndar.

Guðbjörn Arngrímsson formaður Samflots

Orlofsréttur

Allir launþegar eiga rétt á orlofi samkvæmt lögum um orlof.

Hafi launþegi skipt um vinnu eða hafið nýtt starf á orlofsárinu rýrir það ekki rétt hans til orlofs.

Hins vegar gæti starfsmaður átt rétt á launum hjá fyrri atvinnurekanda hafi hann ekki fengið þau greidd er hann lét af starfi.



Samflots-fréttir

Ábyrgðarmaður og ritstjóri:
Guðbjörn Arngrímsson
formaður Samflots.

Hönnun: Samflot.

Prentun: Samflot

Skrifstofur og upplýsingasímar:

Formaður Samflots:

GSM: 899-6213

Skrifstofa Fos-Vest. Ísafirði:

S: 456-4407. GSM: 899-8235

Opið: mán.-föst. kl. 10-12 & 13-15

Skrifstofa SDS Grundarfirði:

S: 436-1077. GSM: 899-7090

Opið: mán.-föst. kl. 9-16

Skrifstofa STAVEY Vestmannaeyjum:

S: 481-1095. GSM: 894-1095

Opið: mán.-föst. kl. 10-15

Formannaráð Samflots:

Formaður: Guðbjörn Arngrímsson

St. Fjallabyggðar.

Ritari: Helga Hafsteinsdóttir

St. Dala og Snæ.

Aðrir ráðsmenn:

Gylfi Guðmundsson Fos-Vest.

Stefán Stefánsson St. Húsavíkur.

Unnur Sigmarsdóttir STAVEY.

Ragnar Sigurðsson FOSA

Jón Guðmundsson St. Fjarðabyggð

Orlofsnefnd Samflots skipa:

Guðbjörn Arngrímsson St. Fjall.

Ásta Dóra Valgeirsdóttir SDS

Hjördis Traustadóttir STAVEY

Gabriela Aðalbjörnsdóttir Fos-Vest

Forsíðumynd: Veitingahúsið í Munaðar-
nesi.

Orlofsréttur þinn

Allir launþegar eiga rétt á orlofi samkvæmt lögum um orlof.

Hafi launþegi skipt um vinnu eða hafið nýtt starf á orlofsárinu rýrir það ekki rétt hans til orlofs.

Hins vegar gæti starfsmaður átt rétt á launum hjá fyrri atvinnurekanda hafi hann ekki fengið þau greidd er hann lét af starfi.

Meginreglur um töku orlofs:

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Sumarorlofstími er frá 1. maí til 15. sept. hjá starfsmönnum ríkisins en frá 15. maí til 30. sept. hjá starfsmönnum sveitarfélaga.

Yfirmaður ákveður í samráði við starfsmenn hvenær orlof skal veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanns, verði því við komið.

Orlof sem tekið er utan sumarorlofstíma hjá ríkisstarfsmönnum skal lengja um 25%, enda sé það gert að beiðni atvinnurekanda. Á sama hátt skal orlof sem tekið er utan sumarorlofstíma hjá starfsmönnum sveitarfélaga að beiðni vinnuveitanda lengjast um 33%.

Vinnuveitandi getur ekki látið orlof falla inni uppsagnarfrest nema um það sé fullt samkomulag við starfsmann.

Orlof talið í klukkustundum:

Fullt orlof fyrir fullt starf allt orlofsárið er 192 klukkustundir.

Þegar starfsmaður hefur náð 30 ára lífaldri lengist orlof hans um 24 klukkustundir og er þá 216 stundir.

Þegar starfsmaður hefur náð 38 ára aldri lengist orlof hans um aðrar 24 klukkustundir og er 240 stundir.

Orlofið lengist ef tilskildum aldri er náð fyrir lok almanaksárs sumarorlofstímabils. Hins vegar breytist prósentan eða upphæð orlofsfjár ekki fyrr en um næstu mánaðamót eftir að tilskildum aldri er náð.

Talning orlofsdaga:

Orlof skal ávalt telja í klukkustundum. Starfsmaður sem unnið hefur hluta úr fullu starfi eða hluta úr ári skal fá orlof í samræmi við bæði starfstíma og starfshlutfall. Launþegi á rétt á að minnsta kosti 160 klukkustunda orlofi eða 20 daga orlofi á sumarorlofstímanum, og allt að fullu orlofi verði því viðkomandi.

Samkvæmt kjarasamningi félagsins við samninganefnd sveitarfélaganna á starfsmaður rétt á a.m.k. 192 klukkustundum á sumarorlofstímanum.

Við talningu orlofsdaga dagvinnumanns skal aðeins telja virka daga vikunnar.

Orlof ávinnst ekki í launalausni leyfi.

Orlof starfsmanns í hlutastarfi skal reikna til launa sem hlutfall af fullu orlofi.

Frestun orlofs:

Starfsmaður sem beðinn er um að vinna í sumarleyfi sínu á að fá það greitt með yfirvinnukaupi, enda frestast ekki sá hluti orlofsins sem unninn er.

Orlof vaktavinnufólks og vetrarleyfi:

Orlof vaktavinnufólks er talið á sama máta og dagvinnumannsins. Starfsmaður sem vinnur á reglubundnum vöktum alla daga ársins getur valið að fá fri á óskertum föstum launum í 88 vinnuskyldustundir á ári miðað við fullt starf, og skal þá launa vinnu sem fellur á sérstaka frídaga og stórhátíðardaga með álagi.

Falli sérstakur fridagur, samanber grein 2.1.4.2. í kjarasamningi, á virkan dag sem ekki er merktur vinnudagur í orlofi vaktavinnufólks sem fær „bætta daga“ greidda, skal starfsmaðurinn fá daginn bætinn með 8 klukkustundum í yfirvinnu, eða sem hlutfall sé hann í hlutastarfi. Að öðrum kosti á hann rétt á öðrum frídegi í stað greiðslu.

Hjá starfsmönnum sem fá 88 vinnuskyldustunda aukafri á ári (helgidagafri) vegna vinnuskyldu á sérstökum frídögum, hvort sem slíkt fri er tekið í beinu framhaldi af orlofi eða á vetrartíma, lengist hvorki orlofið né aukafrið þótt sérstakur fridagur sé innan leyfistímans.

Ef uppgjör helgidaga er hins vegar skv. gr. 2.6.8. (yfirvinnugreiðsla), lengist orlof um 8 klst. ef sérstakur fridagur er á leyfistímanum. Ef ekki er vinnuskylda á sérstökum frídegi sem ber upp á mánudegi til föstudags hjá starfsmanni sem fær helgidagauppgjör skv. gr. 2.6.8. skal bæta þann dag með 8 klst. í yfirvinnu miðað við fullt starf. Með samkomulagi má í stað greiðslu lengja orlofið sem þessu nemur.

Orlofslaun og orlofsfé:

Orlofslaun skal reikna af allri yfirvinnu og álagsgreiðslum og koma til útborgunar ásamt vöxtum eftir 1. maí og/öðla 1. júní ár hvert, hjá þeim banka sem tekið hefur að sér vörslu og ávöxtun á orlofsfé starfsmanns. Orlofsfé er 10,17%. Fyrir þá sem eru 30-38 ára er orlofsfé 11,59% og við 38 ára aldur fer það í 13,04%.

Uppgjör orlofs við starfslok:

Láti starfsmaður af störfum skal áunnið orlof gert upp og lagt inn á bankareikning. Á meðan starfsmaður er í fæðingarorlofi reiknast sá tími sem starfstími og hann ávinnur sér rétt til orlofs.

Veikindi í orlofi:

Orlof og veikindi fara ekki saman.

Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími ekki til orlofs, enda sanni starfsmaður með vottorði læknis að hann hafi ekki getað notið orlofsins vegna veikindanna. Starfsmaður skal tilkynna veikindi sín til vinnustaðarins eins fljótt og við verður komið, til að forðast efuramála.

Getur starfsmaður þá krafist orlofs á öðrum tíma en á orlofstímabilinu (1. maí til 15. sept. ríki, 15. maí til 30. sept. sveitarfélög og aðrir) en þó ekki síðar en svo að orlofi hans sé lokið fyrir 31. maí næsta ár á eftir.

Lokun deilda/vinnustaða á orlofstíma:

Samkvæmt orlofslögum er heimilt að loka einstökum deildum og/öðla stofnunum og veita öllum starfsmönnum vinnustaðarins orlof samtímis. Við slíkar aðstæður getur starfsmaður sem ekki hefur áunnið sér fullt orlof, ekki krafist launa þá daga sem hann vantar upp á að hafa áunnið sér fullt orlof.

Orlofsuppbætur:

Orlofsuppbætur eru misjafnar að krónutölu milli ára og er félagsmönnum bent á kjarasamning Samflots við hlutaðeigandi vinnuveitendur.

Félagsmenn sem vinna hjá ríkinu eiga rétt á orlofsuppbót sem kemur til útborgunar 1. júní ár hvert. Hjá starfsmönnum sveitarfélaga kemur orlofsuppbótin til útborgunar 1. maí.

Starfsmenn sem voru í starfi 1. apríl næst á undan, fyrir fullt starf næstliðið orlofsár. Fyrir þá sem voru aðeins í hlutastarfi eða unnu hluta úr ári skal greitt hlutfall af umsáminni greiðslu.

Hafi starfsmaður látið af störfum og hafið töku eftirlauna á orlofsárinu skal hann fá greidda orlofsuppbót í hlutfalli við þann tíma sem hann starfaði og starfshlutfall sitt.

Sama gildir um starfsmann sem látið hefur af störfum af öðrum ástæðum, enda hafi hann unnið að minnsta kosti þrjá mánuði/13 vikur samfellt á orlofsárinu.

Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur, eða vegna fæðingarorlofs allt að sex mánuðum.

Tryggingar í orlofi:

Starfsmaður á kjörum opinberra starfsmanna er tryggður allan sólarhringinn vegna varanlegrar örorku eða dauða sem hlýst af völdum slyss, í samræmi við ákvæði 7. kafla í kjarasamningum.

Frestun og fyrning orlofs:

Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga opinberra starfsmanna er heimilt með samþykki yfirmanns að fresta töku orlofs til næsta orlofstökuárs. Ljúka þarf töku orlofs fyrra orlofsársins fyrir lok síðara orlofsársins, annars telst það fyrnt.



VEIÐIKORTIÐ 2015

Veðiðikortíð er á góðum afslætti á bókunarsíðu orlofsvefs.

Veðiðikortíð er góður valkostur sem hentar jafn vel veiðimönnum sem fjölskyldufólki.

Með Veðiðikortinu er hægt að veiða ótakmarkað í rúmlega 35 veiðivötnum víðsvegar á landinu. Kortíð gildir fyrir einn fullorðinn og börn yngri en 14 ára í fylgd með kort-hafa.

Veðiðikortíð kostar **kr. 4.000** og verður til sölu á orlofsvef félagsins undir ávísanir. Kortíð ásamt bæklingi verða send til félagsmanna í pósti innan við viku frá kaupum á kortinu.

Gildistími kortsins er árið 2015

Allar nánari upplýsingar um kortíð má finna á www.veidikortid.is/



Útilegukortíð 2015

Útilegukortíð gefur félagsmönnum kost á að ferðast um Ísland á ódýran og hagkvæman hátt með gistingu á sérvöldum tjaldsvæðum um land allt. Útilegukortíð veitir aðgang að yfir fjórða tug tjaldsvæða á landinu og veitir tveimur fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri í 28 nætur yfir tímabilið, frjá gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila Útilegukortsins (tjöld, fellihýsi, húsbílar).

Útilegukortíð kostar **kr. 10.000** og verður til sölu á orlofsvef félagsins undir ávísanir. Kortíð ásamt bæklingi verða send til félagsmanna í pósti innan við viku frá kaupum á kortinu.

www.utilegukortid.is/



Golfkortíð 2015

Talsverðar breytingar eru á fyrirkomulagi golfkortsins og kostar kortíð **kr. 2.000** og getur hver félagsmaður keypt tvö kort. Gerður hefur verið samstarfs-samningur við 30 golfvelli fyrir árið 2015.

Kortíð mun gilda sem 2 fyrir 1 á alla vellina (greitt fyrir 1 en 2 geta spilað), einnig munu vellir vera með 40-50% afslátt fyrir einstaklinga af vallargjöldum, þá verður nú hægt að skrá rástíma og fleira á heimasíðunni, hvort sem er með tölvu eða farsíma, þetta hefur ekki áður verið hægt, nema þá að vera skráður í golfklúbb.

Allar nánari upplýsingar um kortíð og golfvella má finna á www.golfkortid.is.

Golfvöllurinn Glanni í Borgarfirði veitir félagsmönnum sem félögum í BSRB góðan afslátt.

Að bóka orlofshús á netinu er sáræinfalt

Úthlutunarreglur á orlofshúsum.

- Allar bókanir fara fram á ORLOFSVEF SAMFLOTS, sem er á heimasíðu félaganna og á heimasíðu Samflots, samflot.is og fara þar í **Orlofsvefur** elst til hægri og velja þar **Orlofsvefurinn**.
- Skráð þar kennitölu og netfang (á úthlutunartíma kemur svarið í það netfang). Þar er hægt að fá upplýsingar, bóka og greiða fyrir húsin. Veljið Laust og þar er farið í Landsvæði og og velja þar svæði sem þeir vilja vera á, nú eða öll landsvæði til að sjá hvaða hús eru laus. Ef kerfið „fyrstur kemur fyrstur fær“ er í gildi þá panta félagsmenn og greiða strax.
- Fyrir sumarorlofstímann er auglýstur umsóknartími og allar umsóknir leggjast í afgreiðslugrunn kerfisins og biða úthlutunar.
- Úthlutun á sér stað á fyrirfram ákveðnum tíma sem auglýstur hefur verið. Kerfið hefur þá reiknað út punktastöðu hvers félagsmanns og úthlutar eftir þeim réttindum sem þar koma fram. Umsækjendur sem fá úthlutað fá staðfestingarbréf með númeri úthlutunar. Þeir sem ekki fá úthlutað fá synjunarbréf en fara jafnframt sjálfkrafa á biðlista.
- Þegar umsækjandi sem fékk úthlutað hyggst greiða fyrir úthlutun:
 - Opna www.samflot.is á netinu.
 - Velja orlofsvefur á forsiðu.
 - Slá inn kennitölu og netfang...velja félag, SAMFLOT
 - Undir liðnum „Umsóknir“ stendur ógreidd úthlutun - ýta á hann, þá kemur upp greiðsluform fyrir kreditkort.
 - Fari greiðsla ekki fram innan tilskilins tíma fellur úthlutunin niður og fær þá næsti maður á biðlista úthlutað.
- Ef félagsmenn hafna úthlutunum, þá er unnið úr biðlistum. Eftir það opnast kerfið og gildir þá reglan „fyrstur kemur - fyrstur fær“.
- Utan úthlutunartímabila er opið fyrir bókanir innanlands tvo mánuði fram í tímann að undanskildum páska og sumarúthlutunartíma.

Punktar og úthlutanir

Frádráttur orlofspunkta er mismunandi eftir tímabilum. Sumartímabilið 2015 er frá 5./6. til 18./9. og skiptist punktafrádráttur þannig:

- 5/6 - 26/6 er frádráttur 12 punktar
- 26/6 - 7/8 er frádráttur 18 punktar
- 7/8 - 18/9 er frádráttur 12 punktar

Fyrir orlof að eigin vali dragast frá 15 punktar. Kort og hóteldið kosta ekki punkta.

- Orlofshús sem tekin er eftir reglunni "fyrstu kemur fyrstur fær" á sumarorlofstímabilinu kosta líka punkta.
- Allir virkir félagsmenn geta sótt um á úthlutunartímum þó þeir eigi fáa eða enga punkta. Þá fer punktastaða viðkomandi í minus. Orlofshús sem bókuð eru utan úthlutunartíma kosta ekki punkta.
- Úthlutun á vetrartíma skerðir ekki rétt og möguleika félagsmanna til úthlutunar á sumartímabili.

Almennar umgengnisreglur um orlofshúsin okkar og íbúðir.

Orlofshúsin og íbúðir eru sameign okkar eða við með á leigu og nauðsynlegt að við sameinumst um að umgangast þau með því hugarfari. Þannig tekst okkur að halda leiguverði niðri. Við skulum því hafa það í huga þegar við erum á dvalarstaðnum að ganga vel um og skilja við hann eins og við viljum koma að honum.

- Leigutaka er óheimilt að framselja leigusamning til annarra.
- Reykingar eru bannaðar innandyra á öllum dvalarstöðum.
- Við biðjum fólk vinsamlegast að fara varlega með eld utandyra við orlofshúsin og fleygja ekki síga-rettustubbum og munntóbaki á lóðir við húsin.
- Dýrahald. Ekki er leyfilegt að hafa gæludýr með sér í húsin/íbúðir og á það einnig við um gæludýr gesta húsráðenda hverju sinni.

Opnað verður fyrir orlofsvefinn 17 apríl og úthlutað verður fyrir tímabilið 29. maí til 18 september þann 2. maí.

Verðskrá:

Orlofshús

Vikuleiga allt árið	20.000 kr.
Dagsleiga allt árið	4.000 kr.
Helgarleiga allt árið	10.000 kr.

Íbúðir.

Dagsleiga allt árið	4.000 kr.
Helgarleiga allt árið	10.000 kr.

Annað

Veðikortið 2015

til sölu á vefnum, eitt kort á mann kr. 4.000

Útilegukortið 2015

til sölu á vefnum, eitt kort á mann kr. 10.000

Golfkortið 2015

til sölu á vefnum, eitt kort á mann kr. 2.000

Hótelgisting innan lands.

Samflotið hefur gert samning við eftirtalin hótél.

FOSS-hótél	kr.	7.200 nóttin
Eddu-hótél	kr.	7.000 nóttin
Hótél Reykjavík Western	kr.	8.500 nóttin
Hótél Reykjavík Grand	kr.	12.200 nóttin
Hótél KEA	kr.	9.600 nóttin
Hótél Keflavík	kr.	9.000 nóttin
Icelandair-hótél	kr.	9.000 nóttin

Þetta eru lægstu verð í eins og tveggja manna herbergi, misjafnt eftir hótélum, nánari upplýsingar um verð eru á bls. 8 í þessu blaði.

Allar nánari upplýsingar um hótélina eru á heimasíðum viðkomandi hótela.

Orlof að eigin vali

Félagsmönnum gefst kostur á að sækja um styrk sem er kallaður „Orlof að eigin vali“.

Fjármagnið sem orlofssjóður verður með til skiptanna í ár er kr. 2.400.000 og verður hver styrkur að upphæð kr. 20.000. Styrkjunum er úthlutað með sama hætti og um vikudvöl í sumarhúsi væri að ræða.

Styrkur er greiddur út að dvöl eða ferð lokinni. Framvísa þarf löglega númeruðum vsk.-reikningi sem gefinn er út á umsækjanda styrksins.

Orlof að eigin vali gildir fyrir orlofsdvöl á almanaksárinu 2015 og sækja þarf um í síðasta lagi í október. Hver félagsmaður getur aðeins fengið einn styrk.

Dæmi um orlofsdvöl að eigin vali geta verið dvöl á hóteli á orlofstíma, orlofsferð innanlands eða erlendis (sólarkerfið eða annað) eða hvað annað sem félagsmaður kys að gera í sumarfríinu.

Ekki er hægt að framvísa kvittunum fyrir þjónustu sem Samflot, eða stéttarfélag innan Samflots, bjóða sínum félagsmönnum.

Sækja þarf um styrkinn inn á bókunarsíðu orlofsvefs undir „Umsóknir“

Þeir sem fá úthlutað styrk fara með staðfestinguna á skrifstofu síns aðildarfélags og fá styrkinn greidda að uppfylltum áður frágreindum skilyrðum.

Ekki er hægt að sækja um „orlof að eigin vali“ eftir 1. október.

Orlof að eigin vali gildir fram til áramóta.



Munaðarnes hús nr: 64

Húsið sem er um 52m² samanstendur af stofu, borðstofu, eldhúsi, 2 svefnherbergjum og baðherbergi. Svefnpláss er fyrir 7-8 manns, þ.e. tvíbreið rúm í 2 svefnherbergjum + ein efri kaja og stór svefnsófi í stofunni. Í húsinu er flatskjár, dvd-spilari og hljómflutningstæki. Sængur og koddar fyrir 8 eru í húsinu. Leigjendur þurfa að hafa með sér sængurfatnað, lín.



Munaðarnes hús nr: 63

Húsið er 52 m². Húsið samanstendur af stofu, borðstofu, eldhúsi og baðherbergi. Þá eru tvö svefnherbergi með tvíbreiðum góðum rúum, 153x200 cm. í stærra herberginu en 140x200 í hinu og svo er svefnsófi í stofu. Í húsinu er flatskjár, dvd-spilari og hljómflutningstæki. Tvöföld vindsæng er í húsinu ef fleiri svefnpláss vantar. Sængur og koddar fyrir 8 eru í húsinu. Leigjendur þurfa að hafa með sér sængurfatnað, lín.



Munaðarnes hús nr: 20

Húsið er 47m² og samanstendur af anddyri, stofu, borðstofu, eldhúsi, 2 svefnherbergjum, í baðherbergi er vaskur, salerni og sturta. Svefnpláss er fyrir 6, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi og fyrir 4 í kójum í barnaherbergi. Í húsinu er sjónvarp, dvd-spilari og útvarp. Sængur og koddar fyrir 6 eru í húsinu. Leigjendur þurfa að hafa með sér sængurfatnað, lín.



Munaðarnes hús nr: 15

Húsið er 47m² og samanstendur af anddyri, stofu, borðstofu, eldhúsi, 2 svefnherbergjum, í baðherbergi er vaskur, salerni og sturta. Svefnpláss er fyrir 6, þ.e. fyrir 2 í hjónaherbergi og fyrir 4 í kójum í barnaherbergi. Í húsinu er sjónvarp, dvd-spilari og útvarp. Sængur og koddar fyrir 6 eru í húsinu Leigjendur þurfa að hafa með sér sængurfatnað, lín.

Upplýsingar um bústaðina í Munaðarnesi

- Við brottför skal ræsta bústaðina vandlega. Ryksuga/moppa og þvo öll gólf. Loka gluggum og hurðum.
- Ganga skal tryggilega frá rusli og skila því af sér í sorpgáma sem eru á svæðinu.
- Leigjendur þurfa að hafa með sér kaffipoka, (filter) og eldhúsrúllur, plastpoka, eldspýtur, álpappír, kerti, krydd, sykur og annað sem gerir dvölinni betri.
- **Hjá umsóknamanni í þjónustumiðstöð fá leigjendur í Munadarnesi tuskur, diskapurrkur, salernispappír og sápu.**
- Hvert orlofshús er með fritt spil á golfklúbbnum Glanna fyrir tvö og 50% gjald fyrir aðra sem eru í bústaðnum.
- Þá er öll notkun tóbaks er stranglega bönnuð í íbúðunum þ.m.t. nef- og munntóbak.
- Við öll þessi hús eru gasgrill og heitir pottar.
- Ef klárast af gaskút eru leigjendur beðnir fara og kaupa áfyllingu, taka reikning og fá endurgreitt á skrifstofu þess félags sem þeir tilheyra.



ÚLFSTAÐIR Á HÉRAÐI, bústaður nr. 31.

Bústaðurinn Skógarlundur á Úlfstöðum á Héraði er 48 m² með 28 m² svefnlofti. Hann er staðsettur í ca. 10 km. fjarlægð frá Egilstöðum, miðja veginni milli Egilstaða og Hallormsstaðaskógar. Ekið eftir þjóðvegi 1. Tvö svefnherbergi með tvíbreiðum rúmum eru á neðri hæð og auk þess tvöfalt rúm og 6 dýnur á svefnlofti þannig að það geta auðveldlega 10-12 manns gisti í húsinu í einu. Heitur pottur er við húsið og gasgrill. Sólarhúsgögn eru í geymsluhúsi sem stendur við bústaðinn.

Staðsetning bústaðarins býður uppá ótakmarkaða möguleika í ferðum. Niður á firði, út í Borgarfjörð, upp að Kárahnjúkum, jà og um Hellisheiði eystr til Vopnafjarðar. Nánari upplýsingar um svæðið er að finna á www.austurland.is.

Lyklahús er við aðalinngang hússins og leigjendur fá uppgefið númer í leigusamningi sem þeir stimpla inn og ná þannig í lykil.



Bústaður nr. 16 á Eiðum

Í bústaðnum er stofa, borðstofa og eldhús, svefnherbergi með 6 svefnstæðum og 2 aukadýnur. Badherbergi með sturtu. Húsinu fylgir allur venjulegur eldhús- og borðbúnaður fyrir 8 manns. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Sjónvarp og útvarp eru í húsinu og gasgrill er við húsið. Árabátur fylgir húsinu og heimilt er að veiða í Eiðavatni. Frá Eiðum eru 14 km. til Egilstaða þar sem er sundlaug, matvöruverslanir og ýmis önnur þjónusta.

Nánari upplýsingar um svæðið er að finna á www.austurland.is

Lyklahús er við aðalinngang hússins og leigjendur fá uppgefið númer í leigusamningi sem þeir stimpla inn og ná þannig í lykil.



Húsafell, Ásendi 6

Bústaðurinn er um 60m² með svefnpláss fyrir 8 manns og samanstendur af forstofu, stofu og borðstofu, badherbergi, eldhúsi og þremur svefnherbergjum, eitt hjónaherbergi en hin 2 eru með stórum og góðum kójum. Einnig er glæsilegur nýr svefnsófi í stofunni. Lokuð fallgler verönd er allt í kringum húsið. Gasgrill og útihúsgögn eru í geymslu við húsið. Glæsilegur bústaður með öllum þægindum, t.d. örbylgjuofn, hljómtæki, flatskjár, DVD-spilari. Lyklahús er við aðalinngang hússins og leigjendur fá uppgefið númer í leigusamningi sem þeir stimpla inn og ná þannig í lykil.

Hvað hafa þarf með sér — Frágangur og skil á orlofshúsum.

- Við brottför skal ræsta bústaðina vandlega. Ryksuga/moppa og þvo öll gólf. Loka gluggum og hurðum.
- Ganga skal tryggilega frá rusli og skila því af sér í sorpgeymslu.
- **Leigjendur þurfa að hafa með sér sængurfatnað, lök, tuskur, diskapurrkur, handklæði, ásamt salernissappír, saðu, kaffipoka, (filter) og eldhúsrúllur.**
- Þá er gott að hafa með sér plastpoka, eldspýtur, álpappír, kerti, krydd, sykurl, og annað sem gerir dvölina betri.
- Öll notkun tóbaks er stranglega bönnuð í íbúðunum þ.m.t. nef- og munntóbak.
- Við öll þessi hús eru gasgrill og heitir pottar.
- Ef klárast af gaskút eru leigjendur beðnir fara og kaupa áfyllingu, taka reikning og fá endurgreitt á skrifstofu þess félags sem þeir tilheyra.

NÝTT — NÝTT — NÝTT



Torre Vieja Spánn

Mosfell

Um er að ræða endaraðhús með gistirými fyrir 6-8 manns, allt innbúið er afar vandað í húsinu.

Húsnæðið er 102 fermetrar á þremur hæðum en í raun er íbúðin bara á 1. og 2. hæð. Á 3. hæðinni eru sólarvalir með góðu útsýni yfir svæðið, sést m.a. yfir á La Manga skagann. Innbyggð loftkæling og kynding er í húsinu með auðveldu stýrikerfi og er það nánast hljóðlaust (ekki utanálíggjandi

kæliblásarar á veggjum). Í stofu er sjónvarp og fjöldi sjónvarpsrása er til staðar. Einnig er heimabíókerfi með DVD spilara. Stækkanlegt borðstofuborð með 6 stólum er í borðstofu. Sófa í stofu er hægt að nýta sem tvíbreitt rúm. Í eldhúsi er ísskápur, uppþvottavél, þvottavél, kaffivél, brauðrist, safapressa, blandari, pottar, pönnur og öll helstu áhöld til matargerðar. Allur borðbúnaður er fyrir 12 manns.

Svefnherbergin eru með góðum rúmum, sængur og koddar og öll rúmföt og handklæði eru til staðar, ásamt strandhandklæðum. Barnaferðarúm og barnastóll eru í íbúðinni. Stórir skápar eru í herbergjum á annari hæð. Badherbergin eru tvö, á fyrstu hæðinni er salerni, vaskur og góðir skápar en á annarri hæðinni er badkar með sturtuáðstöðu, salerni, vaskur og góðir skápar.

Löð húsin er afgirt og hægt er ganga með húsinu í bakgarð og einnig er útgangur úr eldhúsi í bakgarðinn. Sólbaðsaðstaða og gott rými er til að borða úti bæði á verönd og í bakgarði. Sundlaugagarðurinn er í lokuðum kjarna á milli húsanna og er garðurinn læstur fyrir almenningi, einungis ætlaður þeim sem gista húsinn og gesti þeirra. Húsið er vel staðsett, þú horfir út til sundlaugarinnar frá verönd og sérð til beggja innganga inn í garðinn. Húsinu fylgir stórt útigrill, útihúsgögn eru fyrir 8 til 12 manns og sólbeikir fyrir 6. Securitas öryggiskerfi er í húsinu sem auðvelt er í notkun og ætlast er til þess að leigutakar noti kerfið.

Félagsmenn eru beðnir að athuga að umsóknir um húsið fara fram á haustin, (okt.—nóv.), og eru því beðnir að fylgjast með á heimasíðum félaganna ef þeir hafa hug á að sækja um húsið sumarið 2016. Eins er möguleiki að fá húsið leigt í okt. - des. í ár ef félagsmenn hafa áhuga á haust— og/eða jólaferð, en þá þarf að hafa samband við viðkomandi starfsmannafélag eða formann Samflots S: 899-6213, sem athugar hvort húsið sé laust.

Á heimasíðu eiganda hússins, www.tilspanar.is, eru allar nánari upplýsingar um húsið og nágrenni.

Dýrahald er ekki heimilt í húsinu og reykingar aðeins leyfðar utandyra.



FLÓKALUNDUR Í VATNSFIRÐI BÚSTAÐUR NO: 9

Húsið eru 40 m², 2 svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrök og badherbergi með sturtu. Húsinu fylgja öll venjuleg eldhúshöld og borðbúnaður, sængur og koddar, ræstiefni og salernissappír. Dvalargestir þurfa að hafa með sér lin utan um sængurfatnað, handklæði, borðklúta og þurrkustykki. Í öllum húsunum er útvarp, sjónvarp, örbylgjuofn og útigrill. Barnarúm og stólar og aukadýnur fást hjá umsónarmanni, sem er staðsettur í húsi við sundlaug. Lyklar eru í lykaskáp og er númer á leigusamningi.

Sundlaug er á svæðinu. Hún er 6x12 metrar að stærð og öll jafn djúp, 90 cm. Við lauginu er heitur pottur og krakkapottur. Svæðið er rómað fyrir náttúrufegurð og gróðursæld og berjaspretta er þar mikil. Stutt er frá Flókalundi til Látrabjargs, Rauðasands, Ketildala og Dynjanda svo nokkrir séu nefndir af áhugaverðum stöðum í grenndinni.

Skemmtilegur möguleiki er að taka Breiðafjarðarferjuna frá Brjánslæk til Flateyjar og skoða þessa sögufrægu eyju. Ferjan gengur milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey tvisvar á dag yfir sumarið. Þá er stutt í þjónustu í Hótel Flókalundi, en þar er einnig litill verslun og eldsneytisala. Hægt er að fá heimsendar Pizzur frá Hótelinu.

Íbúð nr. 32 að Lautarsmára 1, Kópavogi

Í íbúðinni sem er á þriðju hæð, eru tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tvöföldu rúmi og koju, (barnaherbergi) stofa, eldhús og baðherbergi, þvottavél er í geymslu.

Þá eru í íbúðinni allur hefðbundinn búnaður s.s. sjónvarp, útvarp og öll venjuleg eldhúshöld og borðbúnaður. Allur rúmfatnaður er til staðar, sængur og koddar, en leigjendur hafa með sér sængurfatnað, tuskur, diskapurrkur handklæði ásamt salernispappír, sápu og aðra nauðsynjavöru.



Íbúð við Sóltún 30 í Reykjavík

Rúmgóð íbúð á fjórðu hæð í lyftuhúsi við Sóltún.

Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi, og hitt með kojum (barnaherbergi), stofa, eldhús og baðherbergi.

Í íbúðinni er sjónvarp, útvarp og öll venjuleg eldhúshöld og borðbúnaður. Allur rúmfatnaður er til staðar, sængur, koddar, en leigjendur hafa með sér sængurfatnað, tuskur, diskapurrkur handklæði ásamt salernispappír, sápu og aðra nauðsynjavöru.



Íbúð við Njálsgötu 19 Reykjavík

Íbúðin er 3ja herbergja íbúð 84 m² á neðstu hæð til vinstri þegar komið er inn úr anddyri. Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi, bæði með hjónarúmi. Stofa, eldhús og baðherbergi. Þvottavél og þurrkari eru til afnota í þvottahúsi á sömu hæð.

Í íbúðinni er allur hefðbundinn búnaður s.s. sjónvarp, útvarp og öll venjuleg eldhúshöld og borðbúnaður. Allur rúmfatnaður er til staðar, sængur og koddar en leigjendur hafa með sér sængurfatnað, tuskur, diskapurrkur handklæði ásamt salernispappír, sápu og aðra nauðsynjavöru.



Frágangur og skil á íbúðum.

- Við brottför skal ræsta íbúðirnar vandlega. Ryksuga/moppa og þvo öll gólf, á baðherbergi skal þrifa sturtu/baðkar salerni og vask. Tæma uppþvottavél. Ganga skal frá og þrifa í eldhúsi, þ.m.t. örbylgjuofn, isskáp, eldavél og önnur áhöld. Loka gluggum og hurðum. Ganga skal tryggilega frá rusli og skila því af sér í sorpgeymslu.
- Umsjónarmaður fer yfir íbúðina eftir hverja dvalargesti. Hann kannar einnig ástand íbúðarinnar og viðskilnað almennt. Ef ekki er þrifið eða aðrar athugasemdir koma fram geta leigjendur átt von á reikningi vegna þess.
- Munum að það er sameiginlegt verkefni okkar allra að halda orlofsdvalarstöðum í góðu lagi. Skiljum við íbúðirnar eins og við viljum taka við þeim.
- Ef eitthvað vantar í íbúðirnar eða leigutaki hefur einhverjar athugasemdir, þá vinsamlegast hafið samband við umsjónarmann 899-6213.
- Framsal á leigusamningi eða alvarleg brot á öðrum reglum eða skyldum sem leigutakar gangast undir með leigusamningi geta valdið því að félagsmaður verði útilokaður frá úthlutun framvegis.
- Öll notkun tobaks er stranglega bönnuð í íbúðunum þ.m.t. nef- og munntóbak.
- Munum að við erum gestir í þessum íbúðum, virðum því rétt annarra íbúa til næðis og vörumst hávaða einkum þegar liður á kvöld.

HÓTEL Í BOÐI 2015

KEA- hótel Akureyri



4* hótel í miðbæ Akureyrar.

Hótel KEA er eitt af þekktustu kenni -leitum Akureyrar.

Gistimiði fyrir eins manns herbergi á Hótel KEA Akureyri kr. 9.600, vetur og kr. 15.400, sumar, og tveggja manna herbergi kr. 12.000, vetur, og kr. 19.200, sumar.

Morgunverður af hlaðborði innifalinn.

Hótel EDDA



Eddu-hótelin eru á 13 stöðum viðs vegar á landinu.

Verð á gistingu: kr. 7.000

Gistimiðinn gildir á öll Eddu Hótel á landinu og gildir fyrir tvo í herbergi með handlaug.

Allar frekari upplýsingar um hótélina má fá á heimasíðu Hótel Eddu, www.hoteleda.is

FOSS-hótel



Hótelin eru 10 talsins, 5 heilsárhótel og 5 sumarhótel.

Gistimiðinn kr. 7.200 gildir fyrir gistingu í tveggja manna herbergi ásamt morgunverði af hlaðborði í eina nótt.

Aukarúm kr. 5.000. Í júní, júlí og ágúst skal greiða tvo gistimiða fyrir eina nótt.

Icelandair Hótel

Icelandair-hótelin eru 8 talsins viðsvegar á landinu.

Morgunverður ekki innifalinn.

Gistimiði fyrir tveggja manna herbergi á Icelandair-hótelum kr. 9.000.



Hótel Keflavík



Hótel Keflavík er góður staður fyrir þá sem eru að fara erlendis því það er aðeins 5 mínútna akstur að flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Verð á gistingu frá kr. 9.000 nóttin.

Best Western Hótel,

Rauðarástíg 37



1. maí - 30. sept.: 15.300 kr. nóttin

1. okt. - 31. des.: 8.500 kr. nóttin

Morgunmatur innifalinn

Grand Hótel Reykjavík,

Sigtúni 38



1. maí - 30. sept.: 19.500 kr. nóttin,

1. okt. - 31. des.: 12.200 kr. nóttin,

Morgunmatur innifalinn

Öll hótél: Félagsmaður sér sjálfur um að bóka gistingu. Þegar bókað er þá skal handhafi hótélmiða hafa samband við viðkomandi hótél símileiðis eða með tölvupósti Ekki er hægt að bóka í gegnum bókunarsíðu á heimasíðum hótélanna.

FOSS-hótel: Bókunarsími 562-4000 eða beint á viðkomandi hótél.

Grand-hótel: Bókunarsími 514-8000 Allar frekari upplýsingar má fá á heimasíðu hótelsins grand.is

Best Western: Bókunarsími 514-8000 Allar frekari upplýsingar má fá á heimasíðu hótelsins hotelreykjavik.is

Hótel EDDA: Bókunarsími 444-4000 Heimasíða hótelsins hoteleda.is

Icelandair-hótel: Bókunarsími er á hverju hóteli fyrir sig eða með tölvupósti á icehotels@icehotels.is Gistimiðar gilda í tveggja manna herbergjum á ákveðnum gistinguðum á Icelandair-hótel í Reykjavík og landsbyggðinni.

Hótel Keflavík: Bókunarsími 420-7000 Allar frekari upplýsingar má fá á heimasíðu hótelsins kef.is

Hótel KEA: Bókunarsími 460-2000 Allar frekari upplýsingar má fá á heimasíðu hótelsins keahotels.is

ATHUGIÐ; Hótélmiðar hafa misjafnan gildistíma sem kemur fram á þeim, ekki er hægt að nota þá eftir að þeir renna út.